

VIRÐING FYRIR SKOÐUNUM BARNNA

8.–10.BEKKUR

KENNSLULEIÐBEININGAR

20. NÓVEMBER 2025
DAGUR MANNRÉTTINDA BARNNA



Reykjavík

JAFNRÉTTISSKÓLI REYKJAVÍKUR

EFNISYFIRLIT

03

Dagur mannréttinda barna

04

Virðing fyrir skoðunum barna

Upplýsingar og ítarefni

05

Ígrundunaræfing fyrir starfsfólk

6-14

Hugmyndir að verkefnum

15

Hugtök

DAGUR MANNRÉTTINDA BARNA

20. NÓVEMBER

Samþykkt var á Alþingi þann 15. mars 2016 að 20. nóvember ár hvert skyldi vera helgaður fræðslu um mannréttindi barna.

Þann dag er afmælisdagur Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðadagur barna.

Í þingsályktunartillögu félags- og barnamálaráðherra vorið 2021 um Barnvænt Ísland – framkvæmd Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna kemur fram að dagurinn skuli efldur frá og með árinu 2021. Jafnréttisskóli Reykjavíkur vinnur markvisst að því að gera 20. nóvember hærra undir höfði og nýta daginn enn frekar við fræðslu og vitundarvakningu um réttindi barna.

Þema ársins 2025 hjá Jafnréttisskólanum er ***Virðing fyrir skoðunum barna.***

12., 13. og 14. grein Barnasáttmálans

Börn eiga rétt á að tjá sig frjálsglega um öll málefni sem hafa áhrif á líf þeirra, og fullorðnir eiga að hlusta á þau og taka mark á skoðunum þeirra. Börn eiga einnig rétt á að deila skoðunum sínum, vitneskju og tilfinningum með öðrum, hvort sem það er með tali, teikningum eða öðrum hætti, svo lengi sem tjáning þeirra skaðar ekki aðra. Enn fremur eiga börn rétt á frjálsri hugsun og að velja sér trúarbrögð og eigin hugmyndir, svo lengi sem það truflar ekki réttindi annarra.



VIRÐING FYRIR SKOÐUNUM BARNA

Virðing fyrir skoðunum barna er ein af grunnstoðum mannréttinda og lykilþáttur í lýðræðislegu og uppbyggilegu skóla- og uppeldisumhverfi. Samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eiga öll börn rétt á að tjá sig frjálsglega um málefni sem varða þau, og þeim ber að veita raunverulega hlustun og tillitssemi (Sameinuðu þjóðirnar, 1989, 12. gr.). Þetta þýðir ekki einungis að börn megi tjá skoðanir sínar, heldur einnig að fullorðnir beri ábyrgð á því að skapa öruggt og opið rými þar sem rödd barna fær vægi.

Rannsóknir sýna að þegar börn fá að hafa áhrif og upplifa að þeirra sjónarmið séu virt, þá eykst virkni þeirra í námi, sjálfstraust styrkist og tengslin við umhverfi og samfélag verða dýpri (Lansdown, 2011). Slík virðing er ekki aðeins lagaleg skylda heldur einnig siðferðileg og fagleg krafa til starfsfólks sem vinnur með börnum og ungmennum.

Í leik- og grunnskólastarfi birtist þessi virðing á margbreytilegan hátt; í samskiptum, ákvörðunartöku, kenngslu og mati. Til að efla meðvitund um þetta mikilvæga málefni er gagnlegt að staldra við og ígrunda eigin viðhorf og aðferðir. Slík ígrundun getur leitt til dýpri skilnings og markvissari vinnubragða sem tryggja að rödd barna heyrist og hafi raunverulega þýðingu.

Heimildir:

- Sameinuðu þjóðirnar. (1989). *Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins* (Barnasáttmálinn).
- Lansdown, G. (2011). *Every Child's Right to be Heard: A resource guide on the UN Committee on the Rights of the Child General Comment No.12*. Save the Children & UNICEF.
- Hart, R. (1992). *Children's Participation: From Tokenism to Citizenship*. UNICEF Innocenti Essays No. 4.

Ítarefni:

Réttur barns til áhrifa: BA ritgerð (2021)

Why we must listen to the voices of children | Lars Westra
Youth voice. Are we listening? | Rachel Peterson

Tryggja þarf virkt ungmennaráð. Hvatning frá Unicef til allra sveitarfélaga (2022)

Samráð við börn | Umboðsmaður barna

ÍGRUNDUNARÆFING FYRIR STARFSFÓLK

Lestu eftirfarandi greinar úr Barnasáttmálanum:

12. grein

Börn eiga rétt á því að tjá sig frjálsglega um öll málefni sem hafa áhrif á líf þeirra. Fullorðnir eiga að hlusta og taka mark á þeim.

13. grein

Börn eiga rétt á því að deila skoðunum sínum, vitneskju og hvernig þeim líður með öðrum með því að tala, teikna eða tjá sig á annan hátt, svo lengi sem það hefur ekki skaðleg áhrif á annað fólk.

14. grein

Börn eiga rétt á frjálsri hugsun og að velja sér trúarbrögð og eigin hugmyndir, svo lengi sem það hindrar ekki aðra í að njóta réttinda sinna.

Svaraðu skriflega þessum spurningum:

- Hvernig sýni ég virðingu fyrir skoðunum barna og ungmenna í mínu daglega starfi?
- Hvenær hlustaði ég síðast af athygli á eitthvað sem barn eða ungmenni sagði? Hvernig brást ég við?
- Er einhver atburður þar sem ég hefði getað brugðist öðruvísi við til að sýna meiri virðingu fyrir skoðunum barns?
- Hvað get ég gert betur eða öðruvísi til að tryggja að börn upplifi að þeirra skoðanir skipti máli?

Settu þér markmið

Skrifaðu niður eitt einfalt markmið sem þú ætlar að vinna að næstu daga eða vikur til að auka virðingu fyrir skoðunum barna, t.d.:

- „Ég mun spyrja nemendur meira um þeirra skoðanir í tímum.“
- „Ég mun gefa nemendum meiri tíma til að segja frá og hlusta án afskipta.“
- „Ég mun minna mig á að skoðanir allra barna skipta máli, jafnvel þótt þær séu ólíkar mínum eigin.“

Hugmyndir að verkefnum

8.-10. bekkur

Dagur mannréttinda barna

20. nóvember

Markmið:

- Að ungmennti þekki tjáningarfrelsi, ábyrgð og virðingu fyrir margskonar tjáningu.
- Að ungmennti geti tekið þátt í umræðum með því að hlusta, tjá sig með skýrum rökum og sýna umburðarlyndi fyrir skoðunum annarra.
- Að ungmennti þekki mikilvægi þess að virða rétt sinn og annarra til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri.

Verkefni og aðferðir:

- **Fyrirlestrar og umræðufundir:** Um tjáningarfrelsi, ábyrgð og áhrif á samfélagið.
- **Greining á málum úr samfélaginu:** Nemendur skoða dæmi þar sem tjáningarfrelsi eða réttur til að láta rödd sína heyrast hafa verið í brennidepli (t.d. mál tengd kynþáttafordómum, kynvitund, pólitík).
- **Ritunarverkefni:** Skrifa pistil, bloggfærslu eða ræða á samfélagsmiðlum um mikilvægi þess að láta hlusta á sig og virða skoðanir annarra.
- **Samfélagsverkefni:** Að skipuleggja viðburð eða herferð í skólanum sem vekur athygli á réttindum barna til tjáningar.

Umræðuefni:

- Hvernig getur tjáningarfrelsi verið takmarkað til að vernda réttindi annarra?
- Hvernig getum við stuðlað að umburðarlyndi í samfélaginu?
- Hvaða áhrif hefur það á samfélagið þegar börn og unglingar fá ekki að segja sína sögu?

Fyrirlestrar og umræðufundir

8.-10. bekkur

Dagur mannréttinda barna

20. nóvember

Markmið:

- Nemendur skilji hvað tjáningarfrelsi er og hvers vegna það er mikilvægt.
- Nemendur læri að tjá sig á virðingarfullan hátt og skilji ábyrgð sína í samskiptum.
- Nemendur skilji hvernig orð og tjáning geta haft áhrif á aðra og samfélagið.
- Nemendur þjálf sig í að hlusta á aðra og virða mismunandi skoðanir.

Hugmyndir að fyrirlestrum/umræðuefnum:

Umræðuefni 1: Hvað er tjáningarfrelsi?

- Útskýra tjáningarfrelsi: Þú mátt segja þína skoðun og láta rödd þína heyrast.
- Af hverju er tjáningarfrelsi mikilvægt? Dæmi úr skóla eða netinu.
- En það eru líka reglur — hvað má og hvað má ekki segja?
- Hvað þýðir að bera ábyrgð á því sem þú segir?

Umræðuefni 2: Hvernig tjáum við okkur á virðingarfullan hátt?

- Virðing þýðir að taka tillit til annarra, jafnvel þótt við séum ósammála.
- Hvers vegna getur verið erfitt að hlusta á skoðanir sem við erum ekki sammála?
- Dæmi: Hvernig á að ræða við vini þegar þið eruð ósammála?
- Hvernig á að koma skoðunum sínum á framfæri án þess að særa eða niðurlægja?

Umræðuefni 3: Hvernig hafa orð áhrif á samfélagið?

- Dæmi úr lífi unglinga: Einelti, hópþrýstingur, samfélagsmiðlar.
- Hvernig getur jákvæð tjáning skapað betri vináttu og samkennd?
- Hvað gerist ef við sýnum ekki virðingu? (T.d. misskilningur, rifrildi, útilokun)
- Hvernig getur hver og einn haft jákvæð áhrif með því að vera góður hlustandi og sýna virðingu?

Umræðufundir:

Skipting og verkferlar:

- Nemendur í litlum hópum (3–5 í hverjum).
- Kennari setur fram eina spurningu í einu, hóparnir ræða í 5–10 mínútur.
- Hóparnir deila niðurstöðum sínum með bekknum.

Spurningar fyrir umræðu:

- Hvað þýðir tjáningarfrelsi fyrir þig?
- Hvenær er erfitt að sýna virðingu fyrir skoðunum annarra?
- Geturðu sagt frá því þegar þú fannst þig ekki vera hlustað á? Hvernig leið þér þá?
- Hvernig ætti fólk að bregðast við ef það sér einhvern segja eitthvað sem særir aðra?
- Hvernig getur þú hjálpað til að skapa jákvætt og virðingarfullt umhverfi í skólanum eða á netinu?

Ritunarverkefni

8.-10. bekkur

Dagur mannréttinda barna

20. nóvember

Verkefni:

Að nemendur skrifi pistil, blogg færslu eða samfélagsmiðlafærslu þar sem þeir fjalla um hvers vegna það er mikilvægt að láta aðra hlusta á sig og jafnframt virða skoðanir annarra, hvernig það stuðlar að góðum samskiptum og samfélagslegri samstöðu.

Spurningar sem nemendur geta notað til að svara í pistlinum:

- Hvers vegna er mikilvægt að láta aðra hlusta á það sem við höfum að segja?
- Hvernig getum við sýnt öðrum virðingu fyrir skoðunum þeirra, jafnvel þegar við erum ósammála?
- Hvaða áhrif hefur það á samskipti og sambönd að vera bæði hlustandi og sýna virðingu?
- Hvernig getum við bætt hæfileika okkar í að hlusta á aðra og koma skoðunum okkar á framfæri á virðingarfullan hátt?
- Getur þú komið með dæmi úr eigin lífi eða sögur af því þegar virðing og hlustun leiddu til betri lausna eða skilnings?
- Hvaða áhrif getur það haft á samfélagið þegar fólk virðir og hlustar á hvort annað?

Nemendur geta sótt sér upplýsingar í:

- Greinar og fræðirit um samskipti, virðingu og hlustun (t.d. sálfræðibækur, greinar á netinu).
- Viðtöl eða fyrirlestra um mannlega samskiptahætti (t.d. TED Talks um virðingu og hlustun).
- Frásagnir, sögur eða reynslusögur af fólki sem hefur upplifað mikilvægi þess að vera hlustað á.
- Fræðigögn um áhrif góðra samskipta á vinnustaði, skóla og samfélagið almennt.
- Samfélagsfræði um virðingu og mannréttindi.

Leiðir til að koma sínum hugmyndum á framfæri:

- Nota skýra og einfalda málnotkun sem auðvelt er að skilja.
- Nota dæmi og sögur til að styðja við punktana sína og gera pistilinn áhugaverðan.
- Setja fram sjónarmiðin af virðingu, forðast niðrandi eða móðgandi orðalag.
- Hvetja lesandann til að hugsa og íhuga með því að spyrja opnar spurningar í lokin.
- Nota persónulegan tón í blogg færslu eða samfélagsmiðlafærslu til að ná betur til lesenda.
- Nota skýra uppbyggingu: inngang, meginmál og lokaorð.
- Þekkja markhópin – hvort það séu bekkjarfélagar, kennarar eða almenningur – og aðlaga málið að því.

Ritunarverkefni

Leiðbeiningar til nemenda

Skrifaðu pistil eða bloggfærslu þar sem þú ræðir mikilvægi þess að láta aðra hlusta á þig og að virða skoðanir annarra. Ræddu hvers vegna þessi gildi skipta máli fyrir góð samskipti og betri samvinnu í skóla, fjölskyldu eða samfélagi. Notaðu dæmi og hugleiddu hvernig við getum öll orðið betri hlustendur og sýnt virðingu gagnvart öðrum.

1. Veldu form ritunar:

Þú getur valið um að skrifa:

- Pistil (stutta grein)
- Bloggfærslu
- Samfélagsmiðlafærslu (t.d. Facebook eða Instagram færslu)

2. Hugsaðu um eftirfarandi spurningar áður en þú byrjar að skrifa:

- Hvers vegna er mikilvægt að við fáum að segja okkar sögu?
- Hvernig finnst þér þegar aðrir hlusta ekki á þig?
- Hvernig getum við sýnt öðrum virðingu, jafnvel þegar við erum ósammála þeim?
- Hvaða áhrif hefur virðing og hlustun á sambönd okkar við aðra?
- Getur þú sagt frá reynslu þinni eða dæmi þar sem virðing og hlustun hjálpuðu?
- Hvernig getur samfélagið orðið betra ef við virðum og hlustum á hvert annað?

3. Leitaðu að heimildum og hugmyndum:

- Kannaðu greinar eða texta um mikilvægi hlustunar og virðingar.
- Horfa á myndbönd eða fyrirlestra (t.d. TED Talks) sem fjalla um virðingu og samskipti.
- Leitaðu að dæmum úr lífi þínu eða öðrum sögum sem sýna hvernig virðing hjálpar í samskiptum.
- Þú getur líka spurt kennara eða fjölskyldu um þeirra skoðanir.

4. Skipulegðu skrifin þín:

- Inngangur: Kynntu efnið og segðu hvers vegna þú valdir að fjalla um þetta.
- Meginmál: Svaraðu spurningunum, notaðu dæmi og heimildir. Reyndu að tengja saman þínar skoðanir og það sem þú hefur lesið eða séð.
- Niðurlag: Taktu saman helstu punktana og fáðu jafnvel lesandann til að hugsa eða spyrja spurninga.

5. Málfar og framsetning:

- Skrifaðu skýrt og vandað mál.
- Forðastu óviðeigandi orð eða niðrandi tjáningu.
- Notaðu persónulegan tón ef þú vilt, sérstaklega í bloggfærslu eða samfélagsmiðlafærslu.
- Passaðu að textinn sé vel uppbyggður.

6. Skoðaðu og endurskoðaðu:

- Lestu yfir og athugaðu hvort allt sé skýrt.
- Lagaðu stafsetningar- og málfræðivillur.
- Spurðu einhvern annan að lesa yfir og gefa þér athugasemdir.

7. Góð ráð:

- Vertu hreinskilin/nn/ð og skrifaðu frá hjartanu.
- Reyndu að setja þig í spor annarra þegar þú skrifar um virðingu og hlustun.
- Notaðu áhugaverð dæmi eða sögur til að gera skrifin lífligri.

Greining á samfélagsmálum

8.-10. bekkur

Dagur mannréttinda barna

20. nóvember

Markmið:

- Að nemendur skilji hvað tjáningarfrelsi þýðir.
- Að þeir læri að virða aðra, jafnvel þegar þeir eru ósammála.
- Að þeir hugsi um áhrif orða og skoðana í samfélaginu.
- Að þeir æfi sig í að tjá eigin skoðanir og hlusta á aðra.

Verkefnalýsing:

Veldu eitt dæmi úr samfélaginu þar sem fólk hefur þurft að láta rödd sína heyrast og tjá sig. Þetta getur verið um:

- Kynþáttafordóma (t.d. fólk segir frá því þegar það hefur orðið fyrir fordómum)
- Kynvitund (t.d. fólk sem vill fá að vera það sem það er og fá að tjá það)
- Pólitísk málefni (t.d. ungt fólk sem tekur þátt í mótmælum)
- Réttindi og virðingu fyrir öllum (t.d. fyrir fólki með fatlanir eða aðra bakgrunna)

Leiðbeiningar:

1. **Lestu stutta sögu eða frétt um málið** (kennari hjálpar til við að finna eða úthluta dæmi).

2. **Svaraðu eftirfarandi spurningum um málið:**

- Hvað gerðist?
- Hverjir voru í málinu?
- Hverjar voru skoðanir fólks?
- Af hverju var mikilvægt að láta rödd sína heyrast?
- Hvernig voru skoðanir fólks virtar eða ekki virtar?

3. **Skrifa stutta grein eða blogg færslu þar sem þú segir frá þínu sjónarhorni:**

- Hvað finnst þér um málið?
- Af hverju skiptir máli að sýna virðingu í svona málum?
- Hvernig vilt þú að fólk hegði sér þegar það er ósammála?

Spurningar til að hjálpa þér að skrifa

- Hvernig myndir þú útskýra tjáningarfrelsi með einföldum orðum?
- Hvað er mikilvægt að muna þegar við tjáum skoðanir okkar?
- Getur þú sagt frá eigin reynslu eða dæmi þar sem þú fannst þig ekki vera hlustað á?
- Hvernig getum við gert samfélagið betra með því að virða skoðanir annarra?

Samfélagsverkefni

8.-10. bekkur

Dagur mannréttinda barna

20. nóvember

Markmið:

- Að skilja og dýpka þekkingu á réttindum barna til tjáningar.
- Að efla rödd og þátttöku nemenda í skólasamfélaginu.
- Að vekja athygli annarra (nemenda, kennara, foreldra) á mikilvægi þess að börn og unglingar hafi frelsi til að tjá sig – á öruggan og virðingarfullan hátt.

Leiðbeiningar:

1. Skiljið þemað

Lesið og svarið eftirfarandi spurningum áður en þið byrjið:

- Hvað þýðir það að eiga rétt á að tjá sig?
- Hvernig má tjá sig – munnlega, skriflega, í list, á netinu?
- Hvað þýðir það að tjá sig á ábyrgan hátt og með virðingu fyrir öðrum?
- Hvar eða hvenær finnst ykkur raddir barna og unglinga ekki fá að heyrast?

2. Veljið áherslu og markhóp

Veljið ákveðna nálgun – dæmi:

- Að vekja athygli á röddum barna og ungmenna í samfélaginu.
- Að benda á að ekki fá öll jöfn tækifæri til að tjá sig.
- Að skapa rými fyrir hugmyndir nemenda í skólanum.

Markhópur getur verið:

- Allir nemendur skólans
- Nemendur í yngri bekkjum
- Kennarar eða foreldrar

3. Ákveðið hvernig þið viljið hafa áhrif

Þið getið skipulagt t.d.:

- Viðburð
- Tjáningarhátíð: Nemendur sýna myndlist, tónlist, ljóð eða ræður um það sem skiptir þá máli.
- Pallborðsumræður eða umræðufundur í matsal eða sal.
- Önnur kynning, t.d. fyrir yngri nemendur.
- Herferð
- Veggspjöld/herferð um skólasvæðið með skilaboðum frá nemendum.
- Myndband/herferð á samfélagsmiðlum skólans.
- "Veggur tjáningar" þar sem öll mega skrifa eða teikna það sem þeim finnst skipta máli).
- QR-kóðar með skilaboðum eða hljóðupptökum frá nemendum.

Samfélagsverkefni

8.-10. bekkur

Dagur mannréttinda barna

20. nóvember

Leiðbeiningar frh.:

1. Skipuleggið verkefnið

Skiptið ykkur í hlutverk:

- Verkefnastjórar: halda utan um skipulag og tímalínu
- Hönnuðir eða listafólk: búa til efni (veggspjöld, myndir, hljóð, myndbönd)
- Kynningarteymi: búa til kynningu og kynna fyrir öðrum
- Tækniteymi: sjá um tæki, tæknileg atriði
- Rannsóknarteymi: safna efni og tryggja að herferðin styðjist við réttindi barna og traustar upplýsingar

5. Tímalína og verklag

- Dagur 1: Þema kynnt, umræðuverkefni, hópar stofnaðir.
- Dagur 2-3: Hugmyndavinna, skipulag, hlutverkaskipting, undirbúningur.
- Dagur 4-5: Framkvæmd – viðburður haldinn eða herferð sett af stað.
- Eftir á: Endurmat: Hvernig gekk? Hvað lærðum við? Fá viðbrögð.

6. Endurmat og samræða

Eftir verkefnið ræða hóparnir saman:

- Hvað lærðum við um réttindi barna?
- Fannst okkur rödd okkar skipta máli í þessu ferli?
- Hvernig getum við haldið áfram að nota rödd okkar á jákvæðan hátt?

Hagnýt ráð

- Notið einfalt og skýrt myndmál.
- Látið sem flesta koma að verkefninu – fjölbreytileiki í tjáningu skiptir máli!
- Hafið í huga að öryggi, virðing og samþykki skipta miklu í allri tjáningu.

Samfélagsverkefni

Verkefnablað nemenda

Þema: Réttur barna til tjáningar

Bekkur: _____ Dagsetning: _____

Nafn hóps / þátttakendur: _____

1. Hugmyndavinna

Hvaða hluta af tjáningaréttindum viljið þið vinna með?

(Smá texti eða punktar – t.d. „öll börn eiga rétt á að tjá sig um það sem skiptir þau máli“ / „við viljum minna á að rödd unglunga skiptir máli“)

Af hverju völdið þið þetta þema/ sjónarhorn?

2. Markmið

Hvað viljið þið að fólk hugsí, finni eða geri eftir að það sér herferðina/ viðburðinn ykkar?

Samfélagsverkefni

Verkefnablað nemenda

3. Aðferð

Hvað ætlið þið að gera? (veljið eitt eða fleiri):

- ☐ Halda viðburð
- ☐ Búa til herferð með veggspjöldum
- ☐ Búa til myndband / hlaðvarp / hljóðupptöku
- ☐ Nota samfélagsmiðla skólans
- ☐ Setja upp tjáningarvegg eða kassa
- ☐ Annað: _____

Hvernig ætlið þið að framkvæma þetta? (verkefnalýsing í stuttu máli)

4. Hlutverkaskipting

Skrifið nöfn og verkefni hvers og eins í hópnum:

Nafn	Hlutverk	Verkefni

5. Tímalína

Hvað þarf að gera og hvenær?

Verkefni	Dagsetning	Ábyrgðaraðili

Samfélagsverkefni

Verkefnablað nemenda

6. Efni og aðstaða

Hvað þurfið þið að fá eða nota? (Veggspjöld, tölvu, myndavél, lpad, prentara, o.s.frv.)

7. Mat og viðbrögð

Hvernig ætlið þið að fá viðbrögð frá öðrum?

- ☐ Spyrja fólk á staðnum
- ☐ Gera stutta könnun
- ☐ Hvetja aðra til að skrifa á tjáningarvegg
- ☐ Fá viðbrögð frá kennurum eða öðrum hópum
- ☐ Annað: _____

8. Sjálfsmat (fylla út eftir framkvæmd)

Hvað gekk vel?

Hvað mætti gera betur næst?

Hvað lærðum við um tjáningarréttindi og áhrif sem raddir barna geta haft?

Hugtök

Ábyrg tjáning:

Að tjá sig á virðingarfullan hátt – án þess að meiða, útiloka eða gera lítið úr öðrum.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna:

Alþjóðlegur samningur sem tryggir börnum réttindi – þar á meðal réttinn til að tjá skoðanir og fá að hafa áhrif á mál sem þau varða.

Hlustun:

Að veita einhverjum athygli og sýna að það sem viðkomandi segir skiptir máli. Virk hlustun felur í sér að trufla ekki, bregðast við og íhuga það sem sagt er.

Réttindi barna:

Grunnréttindi sem öll börn hafa, óháð aldri, kyni, trú eða uppruna – t.d. rétt til að tjá sig, fá vernd og njóta menntunar.

Samráð:

Þegar börn eru spurð álits og fá að koma að ákvörðunum sem snerta þau – og skoðanir þeirra eru teknar alvarlega.

Skoðunarréttur barna:

Réttur barna til að hafa sínar eigin skoðanir og að tjá þær, sérstaklega í málum sem hafa áhrif á líf þeirra.

Tjáningarfrelsi:

Réttur allra til að tjá hugsanir, tilfinningar og skoðanir á eigin forsendum, svo lengi sem það brýtur ekki í bága við rétt annarra.

Tjáningarform:

Margar leiðir eru til að tjá sig – með tali, skrifum, list, leik, tónlist, myndböndum, dansi, myndum eða táknum.

Valdefling:

Að efla sjálfstraust og trú einstaklings á að rödd hans skipti máli og geti haft áhrif.

Virðing:

Að koma fram við annað fólk af sanngirni, kurteisi og jafnræði – og að viðurkenna að öll hafa rétt á að tjá sig á sinn hátt.